



Náms- og kennsluáætlun - Haustönn 2026

HÚSA1KY05

Kennari	Hannes Jón Jónsson, hannes.jonsson@fss.is Þórhildur Loftsdóttir, thorhildur.loftsdottir@fss.is	 
Viðtalstími	Hannes, stofa 121, þriðjudagur 10.25-11.05 Þórhildur, stofa 121, miðvikudagur 9.20-9.50	
Námsefni	Efni frá kennara	
Áfangalýsing	Markmið áfangans er að kynna fyrir nemendum nám í húsasmíði og skyldum byggingagreinum þannig að þeir þekki grunnnám og námsleiðir þeim tengdum. Einnig er þeim kennt að nota ýmis verkfæri sem notuð eru við trésmíði og hvaða verkfæri skal velja út frá þeim verkum sem verið er að vinna með hverju sinni. Þá er einnig farið yfir vinnuverndarmál og hvað ber að varast við notkun tækja og áhalda við trésmíðavinnu.	
Námsmat og vægi námsmatspátta	Námsmat: Virkni í tímum, samvinna með öðrum nemendum, vinnubrögð við smíði og smíðahlutir	
	Símatsáfangi ☒	Lokapróf ☐
	Sleppikerfi ☐	
	Heiti	Vægi
	Smíðahlutir	40%
	Vinnubrögð við smíði	25%
	Samvinna með öðrum	15%
	Virkni í tímum	20%
Reglur áfanga	Notkun á snjallsímum er ekki leyfileg í tímum nema með leyfi kennara. https://www.fss.is/is/skolinn-starfid/um-skolann/skolareglur/scolasoknarreglur https://www.fss.is/is/skolinn-starfid/um-skolann/maetingareglur	
Annað sem kennari vill láta koma fram	Þessi áfangi byggist upp á verklegri vinnu sem fer fram í tíma. Mikilvægt er að nemendur mæti og vinni vel til að ná að klára verkefni áfangans	

Grunnpættir menntunar	Í húsasmíði eru grunnpættir menntunar órjúfanlegur hluti af verklegu og bóklegu námi. Undirstaða faglegra vinnubragða er fjölþætt læsi, þar sem reynir á tæknilæsi á byggingauppdrætti, talnalæsi við efnistöku og gagnrýnið upplýsingalæsi. Námið hvetur til sjálfbærni með áherslu á umhverfisvitund, lágmörkun efnissóunar og skynsamlega nýtingu auðlinda. Jafnframt er heilbrigði og velferð í forgrunni í gegnum virka vinnuvernd, áherslu á rétta líkamsbeitingu og sterka öryggismenningu. Á verkstæðinu er unnið í anda lýðræðis, mannréttinda og jafnréttis; nemendur temja sér samvinnu, bera ábyrgð á eigin vinnubrögðum og taka þátt í jákvæðri vinnustaðamenningu þar sem öll fá jöfn tækifæri á eigin forsendum. Loks er húsasmíðin sjálf rík af sköpun, þar sem nemendur sameina handverk og skapandi lausnaleyti til að takast á við krefjandi útfærslur, reisa mannvirki og efla um leið eigin fagmennsku. • Læsi: Lögd er áhersla á læsi í víðum skilningi, þar sem nemendur þjálfast í að lesa úr og túlka teikningar, reikna út efnisnotkun, skilja verklýsingar og setja sig inn í lög og byggingarreglugerðir. • Sjálfbærni: Náms og starfshættir mótask af umhverfisvitund og skynsamlegri nýtingu auðlinda. Nemendur þjálfast markvisst í að lágmarka efnissóun, flokka byggingarúrgang og skilja vistspor mannvirkjagerðar. • Heilbrigði og velferð: Öryggi og vinnuvernd eru í forgrunni á vinnusvæði. Stuðlað er að vellíðan og líkamlegu heilbrigði með áherslu á rétta líkamsbeitingu við smíðar, örugga vélanotkun og samvinnu. • Lýðræði og mannréttindi: Skólabragurinn byggist á samvinnu á verkstæðinu þar sem borin er virðing fyrir manngildi og skoðunum hvers og eins. Nemendur eru hvattir til að bera sjálfstæða ábyrgð á eigin námi og vinnubrögðum. • Jafnrétti: Öllum nemendum eru sköpuð jöfn tækifæri til að rækta hæfileika sína og færni. Markvisst er unnið að því að opna augu nemenda fyrir kynskiptum vinnumarkaði í iðngreinum og stuðlað að jafnræði á vinnustað. • Sköpun: Verkleg kennsla krefst stöðugrar gagnrýnninnar hugsunar og skapandi lausnaleitar við raunhæf verkefni, allt frá hönnun og teikningu til tré- og mótaskmíði. Hvatt er til frumkvæðis og litið á mistök sem dýrmæt tækifæri til að auka fagþekkingu.
-------------------------------------	--

Þekking	Leikni
Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: - Hvernig iðnnám í byggingagreinum er uppbyggt. - Notkunarmöguleikum verkfæra, véla og tækja og hverju skal beita hverju sinni, geta yfirfært þær á vinnslustykki og notfært sér viðeigandi verkfæri til smíða. - Þeim hættum sem geta skapast við ranga meðhöndlun hand- og rafmagnsverkfæra og trésmíðavéla.	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: - Velja verkfæri til einfaldra verka í smíði. - Lesa úr teikningu. - Smíða einfalda hluti eftir teikningum.
Hæfni	
Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: Vera fær um að geta unnið með ýmis handverkfæri og rafmagnshandverkfæri sem tilheyra trésmíði og smíðað með þeim einfalda hluti úr tré eftir teikningu.	

Vinnuáætlun		
Tímasókn	16 vikur x 4 klst.	64 klst.
Undirbúningur f. tíma	16 vikur x 4 tímar x 30 mín	32 klst.
Alls		96 klst. = 5 ein

Virðing, samvinna og árangur

Kennsluvikur	Áætluð yfirferð námsefnis	Skil á verkefnum
1. vika 18. - 22. ágúst	Kynning á fyrirliggjandi verkefni	
2. vika 25. - 29. ágúst	Vélavinna	
3. vika 1. - 5. september	Vélavinna	
4. vika 8. - 12. september	Vélavinna	
5. vika 15. - 19. september	Vélavinna	
6. vika 22. - 26. september	Vélavinna	
7. vika 29. september - 3. október	Samsetning	Hér ættu allir að vera að ljúka samsetningu á sólstól
8. vika 6. - 10. október	Samsetning/undirbúningur fyrir næsta verkefni sem er tröppustóll	
9. vika 13. - 17. október <i>Námsmatsdagur 15. Okt vetrarleyfi 17. okt</i>	Vélavinna	
10. vika 20. - 24. október <i>Vetrarleyfi 20. okt.</i>	Vélavinna	
11. vika 27. október - 31. október	Vélavinna	
12. vika 3. - 7. nóvember	Vélavinna	
13. vika 10. - 14. nóvember	Samsetning	
14. vika 17. - 21. nóvember	Samsetning	
15. vika 24. - 28. nóvember	Samsetning	Hér ættu allir að vera að ljúka samsetningu á tröppustól
16. vika 1. - 5. desember	Lokafrágangur	

Með fyrirvara um breytingar og von um gott samstarf

Hannes Jón Jónsson